

## 120/01 - Hrafn GK 111

Hrafn GK 111, skipverji slasast við að taka trollið

### Hrafn GK 111

**Skipaskr.nr.:** 1628

**Smíðaður:** Akureyri 1983 Stál

**Stærð:** 680,00 brl; 1.067,00 bt

**Lengd:** 61,76 m **Breidd:** 9,76 m **Dýpt:** 6,74 m

**Vél:** Wichmann 1.472,00 kW **Árgerð:** 1983

**Annað:**

**Földi skipverja:** 26



### Atvikalýsing

Þann 4. desember 2001 var Hrafn GK 111 á togveiðum út af Vestfjörðum. Veður: NNV-5

Verið var að hífa inn trollið og voru fimm skipverjar við það verk, tveir bakborðsmeginn og tveir stjórnborðsmeginn og einn í stjórnborðshúsi við stjórn spilsins. Tveir skipverjar slógu pokagilsinum utan um belginn og þegar því var lokið gaf annar þeirra stjórnanda spilsins merki um að stöðva hífingu. Hann fór þá að byssugilsinum til að taka hann frá smáfiskaskiljunni, þar sem hún átti það til að festast í honum. Í sama mund og skipverjinn tók utan um byssugilsinn, var híft í pokagilsinn með þeim afleiðingum að vinstri hendi skipverjans klemmdist á milli byssunnar og smáfiskaskiljunnar.

Sigt var með hinn slasaða til hafnar á Patreksfirði þar sem hann var fluttur til læknis.

### Við rannsókn kom fram

- að stjórnandi spilsins sá ekki bendingar skipverjans um að stöðva hífinguna, en hann var að fylgjast með stjórnborðs gilssplinu vegna flækju sem þar hafði myndast;
- að engar sérstakar vinnureglur voru um merkjagjafir á milli manna við stjórnun spils og þeirra sem unnu á þilfarinu, heldur notaðar bendingar eða kallað á milli eftir því sem við átti hverju sinni;
- að sögn vitnis heyrði hann ekki né veitti því athygli að hinn slasaði bað um að hífing yrði stöðvuð.

### Nefndarálit

Nefndin telur að orsök slyssins megi rekja til aðgæsluleysis við hífingu á þilfari skipsins og ekki var stuðst við sérstakar vinnureglur varðandi þær.

Nefndin minnir menn á að hafa sérstaka aðgát á þeim svæðum þar sem hífingar eiga sér stað.